

**Ed.**

**567. Nefndarálit**

**[11. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá Nd., þó með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar sex manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

Sex varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

Alþingi, 25. mars 1981.

Stefán Guðmundsson,  
form., frsm.

Geir Gunnarsson.

Guðm. Bjarnason,  
fundaskr.

Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Kjartan Jóhannsson.

Guðm. Karlsson.